

**Nd.**

**239. Nefndarátt**

um tillögu til þingsályktunar um breyting á reglugerð Ræktunarsjóðs Íslands.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað tillöguna og vill eindregið mæla með því, að hún verði samþykkt.

Jafnframt hefir nefndin athugað bendingar þær, er fram komu við fyrri hluta umræðu frá 1. þm. S.-M. um þörf á viðtækari breytingum.

Þótt nefndin viðurkenni, að ástæða geti verið til slíkra eða annara breytinga — þar á meðal þeirrar, sem getið var við framsögu, að lán mætti veita til rafmagnsstöðva, eins og ýmsra annara framkvæmda, jafnótt og verkinu miðar áfram, — þá þykir nefndinni ýmist, að tillögur um það falli ekki við efni og form tillögunnar, eða gætu valdið því, að hún næði ekki samþykki. Hinsvegar mun nefndin ekki leggjast á móti því, að fram verði bornar breytingar eða við-

aukar við tillöguna, ef það verður gert í því formi, að tillögunni stafi engin hættu af, og hafa þá nefndarmenn óbundnar hendur um afstöðu til slíkra tillagna.

Alþingi, 23. mars 1927.

Pjetur Þórðarson, form.	Halldór Stefánsson, frsm.	Árni Jónsson, fundaskr.
Jörundur Brynjólfsson.	Hákon J. Kristófersson.	